



## F U N D A R G E R ð

### Sjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn þriðjudaginn 8. mars 2016 kl. 14:30. á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Auður H. Ingólfssdóttir, Sturla Böðvarsson, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Karitas Jónsdóttir, Sævar Jónsson og Finnbogi Leifsson. Einnig sat fundinn Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir síðastu funda.

12. nóvember, stjórnarfundur. Fundargerð samþykkt.

#### 2. Ársreikningur og grænt bókhald

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár, 2015. Tekjur ársins kr. 82.958.697 kr. Rekstrargjöld 52.388.653 kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 30.570.044 kr. Fjármunatekjur 3.569.168 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 27.307.810. Eigið fé og skuldir samtals kr. 143.653.874. Handbært fé í árslok 70 millj. , þ.a. 26,4 m.kr. vegna ábyrgðar sem á að standa undir rekstri urðunarstaðarins eftir lokun. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út 20% arður. Ársreikningur samþykktur samhljóða og vísað til aðalfundar þann 6. apríl 2016.

#### Grænt bókhald 2015

Lagt fram grænt bókhald ársins 2015. Urðað magn úrgangs voru 11.225 tonn. Fyrirtækið, Sorpurðun Vesturlands hf. hefur með grænu bókhaldi eftir upplýsingakerfi sitt ár frá ári þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um hverfisáhrif starfseminnar.

Rætt var um lokun og rekstur eldri urðunarstaðar sem unnið er eftir en nú, í fyrsta skipti, er skilað umhverfsvöktunarskýrslu fyrir hvorn urðunarstað, þ.e. lokað svæði rein 1 – 3 og núverandi urðunarstað rein nr. 4. Það er Stefán Gíslason, UMÍS sem sér alfarið um umhverfsvöktunarskýrslurnar fyrir staðina. Grænt bókhald samþykkt samhljóða.

#### 3. Aðalfundur

a. Aðalfundur haldinn þann 6. apríl 2016 á Hótel Hamri.

#### 4. Rekstur urðunarsvæðisins

##### a. Ræktunarsamband Flóa- og Skeiða og lagning gasröra, lokun röranna og fyrstu gasmælingar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Rörin voru sett niður í lok nóvember. Sérfræðingar frá SORPU bs eru væntanlegir til að loka þeim með sérstökum búnaði. Í framhaldinu tekur Efla, verkfræðistofa við mælingunum. Samnýttar verða ferðir til að mæla gas í oxunarverkefninu og í gasrörunum.

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom right of the page.

**b. Framkvæmdir við ný síubeð.**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins. Stefnt era ð því að fara í framkvæmdir í apríl.

**c. Starfsmannamál.**

Framkvæmdastjóri sagði frá starfsmannamálum en gengið hefur vel í Fíflholtum hjá þeim tveimur starfsmönnum sem þar starfa.

**d. Gróðursetning**

Stjórn ræddi áframhald gróðursetningar trjáa á urðunarsvæðinu.

**5. Umhverfisstofnun**

**a. Reglubundið eftirlit frá 26.11.2015**

Framkvæmdastjóri fylgdi eftir úttekt UST frá eftirliti í nóvember sl.

**b. Gasmál.**

Farið var yfir gassöfnunarkerfi og tímaforsendur.

**6. Nefnd um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum.**

**a. Fundargerð frá 3. febrúar 2016**

Lögð fram.

**b. Stefnumótun í úrgangsmálum**

Lögð fram drög að stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga úrgangsmálum. Hrefnu og Auði falið að vinna úr umræðum fundarins en fundurinn er sammála um að umhverfisvitund íbúa eflist með flokkun á heimilum og umhverfisvitund barna í skólum þar sem flokkun er unnin með markvissum hætti.

**7. Önnur mál.**

**a. Aðalfundur FENÚR 12. apríl 2016.**

Lagt fram.

**b. Endurskoðað talnaefni á SV-horninu.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

Rætt um magntölur úrgangs, þróun magns frá árinu 2010 og breytingar varðandi flokkun o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:11

Fundarritari: Hrefna B. Jónsdóttir

*Kristinn Þorsteinsson*  
*Arndís Ingólfsson*  
*Hinn bóji Seifur*  
*Andréur Þorvaldur*  
*Karitas Jónsdóttir*  
*Sanna Þorvaldur*